

Frumvarp til laga

um breytingar á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013
(kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði).

Flm.: Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Óli Björn Kárason, Hildur Sverrisdóttir,
Vilhjálmur Árnason, Teitur Björn Einarsson, Vilhjálmur Bjarnason,
Páll Magnússon, Njáll Trausti Friðbertsson, Valgerður Gunnarsdóttir,
Ásmundur Friðriksson, Bryndís Haraldsdóttir, Brynjar Nielsson.

1. gr.

3.–7. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr staflíður, svohljóðandi: Skjöl er varða kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 146. löggjafarþingi (391. mál) en hlaut ekki afgreiðslu þá. Með frumvarpinu er lagt til að stimpilgjald vegna kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði verði afnumið. Einstaklingum ber nú almennt að greiða 0,8% stimpilgjald vegna kaupa á íbúðarhúsnæði en þó er veittur helmingsafsláttur þegar um fyrstu kaup er að ræða. Verði frumvarpið að lögum mun gjaldið falla alfarið niður vegna kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði og undanþágan verður ekki bundin við fyrstu kaup.

Markmið frumvarpsins eru að auðvelda fólki að afla sér íbúðarhúsnæðis og auka skilvirkni og flæði á markaði með íbúðarhúsnæði. Mikil þörf er á að auðvelda fólki eins og frekast er unnt að eignast íbúðarhúsnæði, einkum við aðstæður á borð við þær sem nú ríkja á húsnæðismarkaði.

Sýnt þykir að stimpilgjald hafi áhrif til hækkunar fasteignaverðs, dragi úr framboði og rýri hlut kaupenda og seljenda. Af framangreindu má ætla að afnám stimpilgjalds af fasteignaviðskiptum muni auðvelda verðmyndun á húsnæðismarkaði með tilheyrandi aukningu á framboði sem hefur verið með minnsta mótí undanfarin ár.